

Heilsuvernd skólabarna

Heilsuvernd skólabarna í Grunnskóla Grundarfjarðar er á vegum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands Grundarfirði. Hjúkrunarfræðingur er Dagný Ósk og viðverutími eftirfarandi: Fimmtudaga kl. 8:15-11:00. Einnig verður sjúkraliði til aðstoðar.

Netfang hjúkrunarfræðings er: dagny.o.gudlaugsdottir@hve.is og sími 432-1350.

Heilsuvernd skólabarna Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við forsjáraðila, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Þjónusta heilsuverndar skólabarna er skráð í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, heilbrigðisfræðsla, skimanir og bólusetningar.

Unnið er samkvæmt leiðbeiningum [Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu](#) um heilsuvernd grunnskólabarna. Frekari upplýsingar um heilsuvernd skólabarna má finna á [heilsuvera.is](#) undir leitarorði „heilsuvernd grunnskólabarna“

Hagnýtar upplýsingar

Veikindi og slys:

Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæsluna eða slysadeild skulu forsjáraðilar fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í þá á skólatíma barnsins.

Langveik börn:

Mikilvægt er að hjúkrunarfræðingur í heilsuvernd skólabarna viti af börnum sem eru með fötlun eða langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki, blæðingar-sjúkdóma eða aðra alvarlega sjúkdóma. Hlutverk hjúkrunarfræðingsins í heilsuvernd skólabarna er að skapa þessum börnum viðeigandi aðstæður og umönnun í skólanum í samvinnu við foreldra/forsjáraðila og starfsfólk skólans.

Lyfjagjafir - [Samkvæmt tilmælum landlæknis um lyfjagjafir](#) í grunnskólum eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Mikilvægt er að forsjáraðilar barna sem þurfa að taka lyf á skólatíma hafi samband við hjúkrunarfræðing í skólanum eða umsjónarkennara.